

# Verklag við móttöku sjúklings á göngudeild COVID 19 teymis

Drög 1. 23/03/2020 - GP/SI/GB/HBG

**Þessu skjali var síðast breytt:** (24.03.2020)

[Efnisyfirlit:](#)

[Hverjir koma á COVID 19 göngudeildina í Birkiborg?](#)

[Hverjir fara á bráðamóttöku?](#)

[Ferli ritara við að skrá sjúkling inn og melda á göngudeild -](#)

[Undirbúningur einangrunarstofu:](#)

[Verklag starfsmanna sem fara inn á skoðunarstofu:](#)

[Móttaka sjúklings:](#)

[Skráning](#)

[Útskrift heim:](#)

[Bráð veikindi](#)

[Hjartastopp](#)

[Flutningur í CT](#)

[Innlögn](#)

[Frágangur stofu á milli sjúklinga](#)

[Frágangur og lokaprif á stofu í lok dags](#)

[Ferli aðfanga, líns og sorps við Birkiborg](#)

[Ferli blóðsýna á göngudeild COVID](#)

[Lyfjafyrirspurnir, klínískar ráðleggingar og lyfjaupplýingar s. 825-3770](#)

[Spurt og svarað um hlífðarfatnað](#)

## Hverjir koma á COVID göngudeildina í Birkiborg?

Á COVID göngudeildina Birkiborg koma þeir sjúklingar sem staðfestir eru með COVID-19 og eru í [einangrun í heimahúsi samkvæmt leiðbeiningum embættis Landlæknis](#).

- Flokkast í bláan, rauðan eða gulan áhættuflokk og samkvæmt klínísku mati lækna COVID-19 teymis.
- Sjúklingar sem eru í rauðum áhættuflokk eru kallaðir inn í skipulagða skoðun.
- Sjúklingar sem eru bláum áhættuflokk koma tafarlaust á bráðamóttöku eða í Birkiborg (COVID læknir metur).
- Gulir sjúklingar í eldri aldurshópi eða með undirliggjandi sjúkdóma eru jafnframt kallaðir inn á göngudeildina til mats.

## Hverjir fara á bráðamóttöku?

- Samkvæmt mati læknis við úthringinu
- Þeir sem eru metnir bráðveikir í gegnum síma
- Ef hann er það slæmur að hann kemst ekki öðruvísi á spítalann en í sjúkrabíl þá er hann sendur á BMT
- Meðvitundarskerðing, blóðþrýstingslækkun, yfirlíð
- Andnauð eða þarf súrefni til að halda metnun yfir 90% (stabiliserast ekki við súrefni)
- Samkvæmt mati sjúkraflutningamanna

## Hlutverk vaktstjóra

- Stýrir stöðufundi í upphafi vaktar/ á vaktaskiptum
- Hefur yfirsýn yfir sjúklinga, fjölda koma, komur, komutíma og staðsetningu inni á stofum.
- Merkir komur og brottfarir í Sögu /Heilsugátt
- Stýrir flæði á deild
- Styður við og tryggir teymisvinnu lækna, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og starfsmanna
- Útdeildir sjúklingum til hjúkrunarfræðinga.
- Hefur og tryggir samskipti milli hæða
- Stýrir flæði og hefur yfirsýn yfir sjúklinga í bið (eftir rannsóknarniðurstöðum eða í vökvagjöf).
- Samskipti við utanað komandi aðila.
  - Vaktmenn, geislafræðinga, sjúkrabíll, legudeildir og sjúklinginn við komu.
- Tryggir að farið sé eftir verklagi við sýnaflutning (sá sem tekur við sýni sendir beiðni rafrænt opið til 18. Eftir það er hringt í s.1890).
- Tekur við rapporti frá læknum
- Prentar límmíða fyrir sjúklinga.
- Beiðnir.
- Hefur yfirsýn yfir matar- og sturtutími starfsmanna og tryggir að allir komist innan ásættanlegs tímaramma.
- Tekur á móti nýjum starfsmönnum og kynnir verklag og starfsemina
- Útdeildir verkefnum
- Fer yfir akútvagn skv. tjékklista

## Ferli ritara við að skrá sjúkling inn og melda á göngudeild -

- Læknir tekur ákvörðun um að bóka sjúkling á göngudeildina Birkiborg og melder til COVID ritara í gegnum Heilsugáttarrás COVID ritara og gefur upp tímasetningu komu.
- Ritari bókar sjúkling á aðfangið COVID-göngudeild, skráir inni rétta lotu.
- Hjúkrunarfræðingur/læknir merkir sjúkling kominn í afgreiðslukerfinu, hægri smellir og merkir við koma - setur inn gjaldfrítt v/smitsjúkdóma. Þar með er hann orðinn **feitletraður** í afgreiðslukerfinu.
- Hjúkrunarfræðingur/læknir útskrifar sjúkling í afgreiðslukerfinu, hægri smellir og merkir farinn.

Við móttöku sjúklinga á göngudeild til mats og meðferðar þarf að fylgja verklagi samkvæmt ráðleggingum sýkingarvarna Landspítala um einangrun og verklag vegna snerti- og úðasmits:

## Undirbúningur einangrunarstofu:

Skoðunarstofa sjúklings er undirbúin fyrirfram og tryggt að til staðar sé allur búnaður sem þarf við mat á ástandi sjúklings samkvæmt verklagi um undirbúning vegna snerti- og úðasmits.

### Á hreina svæðinu fyrir framan hvert fordyr:

- Viðeigandi hlífðarfatnaður á hjólaborði á hreinum gangi fyrir framan fordyri
- Handspritt
- Veggspjald með leiðbeiningum um hvaða hlífðarbúnað eigi að nota
- Ruslafata með glærum plastpoka

### Í fordyri á að vera:

- Hilla
- Handspritt
- Stór ruslagrind með svörtum ruslapoka (Gætið þess að setja ekki of mikið sorp í pokann svo auðvelt sé að koma honum í gulan poka fyrir „sóttmengað brennist“)
- Plastað veggspjald með leiðbeiningum um hvernig eigi að fara úr hlífðarbúnaði
- Plastað veggspjald um að báðar hurðir eiga að vera lokaðar í 20 sec.

### Inn á skoðunarstofu er:

- Handspritt
- Vatnsuppleysanlegur poki er geymdur í skáp inni á stofu ef þarf fyrir lín sem kemur frá sjúklingi (mikilvægt er að setja ekki mikið lín í pokann svo hann komist auðveldlega í línpokann þega lín er tekið út af stofunni)
- Ekki má hafa búnað inn á stofunni sem ekki er hægt að þrifa þar inni eða þá henda (td. má ekki nota margnota stasa, bara einnota)
- Ruslafata með glærum ruslapoka

## Móttaka sjúklings:

- A. Sjúklingur kemur í einkabíl ef mögulegt er (aðstandandi getur keyrt sjúkling ef þeir eru saman í einangrun. Aðastanandi í sóttkví eða hefur ekki verið útsettur fyrir COVID má ekki keyra sjúkling).
- B. Sjúklingur kemur með sjúkrabíl eða á sérútbúnum bíl frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins ef A) er ekki mögulegt.

Sjúklingur gengur inn í stofuna í gegnum gátt á vesturhlið.

- **Í eigin bíl:** hringir í síma 543-1902 þegar hann er kominn á bílastæðið í Birkiborg og bíður þar þangað til að hjúkrunarfræðingur/læknir opnar útidyr á vesturhlið fyrir framan viðeigandi skoðunarstofu.
- **Með sjúkrabíl:** Sjúkraflutningamenn melda sig við komu og hjúkrunarfræðingur/læknir tekur á móti sjúkling við útidyr á vesturhlið fyrir framan viðeigandi skoðunarstofu.

## Verklag starfsmanna sem fara inn á skoðunarstofu:

Læknir og hjúkrunarfræðingur samræma aðgerðir við móttöku sjúklings á skoðunarstofu og fara inn á skoðunarstofu á sama tíma.

- Meta þörf fyrir:
- Röntgenmynd af lungum
- Blóðprufur
- Hjartalínurit

Læknir setur inn beiðni fyrir rannsóknum eins fljótt og auðið er.  
Blóðprufuset og límmiðar eru undirbúnir af vaktstjóra hjúkrunar

### Starfsmaður sem fer inn í skoðunarstofu:

Starfsmaður sprittar hendur og klæðir sig í eftirfarandi [hlífðarbúnað](#) á hreina svæðinu:

- Einnota, vatnsheldur hlífðarsloppur
- Skurðstofuhúfa
- Fínagnagríma ((FFP2 að lágmarki)
- Einnota hlífðargleraugu
- Hanska

Gengur inn í fordyri, lokar hurð fram á gang áður en opnað er inn á skoðunarstofu. Bíða þarf inn í fordyri með báðar hurðir lokaðar í 20 sec. Áður en næsta hurð er opnuð

Hanskar koma ekki í veg fyrir handhreinsun, ef það er ábending fyrir handhreinsun inn á stofu sjúklings. T.d. þegar farið er úr óhreinu verki í hreint, þarf að fjarlægja hanska, spritta hendur og fara í nýja hanska.

## Meðferð á stofu

Lífsmörk:

- Mæld er súrefnismettun (<92%), blóðþrýstingur, hiti, púls, öt.
- Hjúkrunarfræðingur skráir lífsmörk í lífsmörk og mælingar í Sögu.
- Læknir skráir lífsmörk í formblað í Heilsugátt.

#### Blóðprufur:

- Í fyrstu komu eru teknar staðlaðar blóðprufur skv. skilgreindum blóðprufupanel í Heilsugátt (COVID fyrsta koma)
- Covid innlögn – ef sjúklingur hefur komið áður.
- Mikilvægt er að taka blóðprufur í réttri röð (þeir röð sem límmiðar prentast út í)
- Blátt glas, grænt glas, rautt glas og að lokum svart fjólublátt

#### Göngupróf

- Súrefnismettun er metin fyrir og eftir að sjúklingur gengur inn á stofu í 2. mínútur.

#### Orthostatískur þrýstingur

- Liggjandi
- Standandi eftir 1 mín
- Standandi eftir 3 mín

#### EKG

- Tekin er mynd sem send er til sérfræðings

#### Röntgen

- Haft er samband við vaktstjóra hjúkrunar um að óska eftir geislafræðingi – ef hann er ekki á staðnum.
- Geislafræðingur 825-5045.
- Læknir gerir beiðni um röntgen.

#### Vökvagjöf

- Er skráð í skráningarform í Heilsugátt í textareit hjúkrunarfræðinga.

#### Lyfjagjöf

- Ef fyrirséð er að sjúklingur leggist inn frá Birkiborg eru lyf skráð í Therapy.
- Algeng lyf eins og T. Paratabs, T. Parkodín og T. Afipran sem sjúklingur fær á göngudeildinni eða tekur með sér heim eru skráð í skráningarform í Heilsugátt.
- Önnur lyf eru skráð í Therapy þrátt fyrir að skjólstæðingur leggist ekki inn.

#### Nærvera - fræðsla

- Huga þarf sérstaklega að

## Starfsmaður sem fer út úr skoðunarherbergi

Starfsmaður fer inn í fordyri, lokar hurð inn í skoðunarherbergi. Fer úr hlífðarbúnaði í réttri röð, sjá [veggspjald](#).

- úr hönskum og hendur sprittaðar
- hlífðargleraugu fjarlægð, hendur sprittaðar
- hlífðarsloppur fjarlægður, hendur sprittaðar
- fínagnagríma, hendur sprittaðar
- húfa, hendur sprittaðar

Hurð fram á gang er opnuð. Þegar komið er fram á ganginn er hurð lokað og hendur sprittaðar.

Hafi orðið líkamsvessamengun við skoðun sjúklings eru hendur einnig sápuþvegnar í handlaug inni á starfsmannasalerni.

Valkvætt er fyrir starfsfólk að fara í sturtu í lok vaktar inni í Birkiborg.

## Skráning

- Skráð er í sérstakt þartilgert skráningarform fyrir göngdeild Birkiborgar í Heilsugátt. Læknir og hjúkrunarfræðingur eru báðir skráðir sem ábyrgir í skráningarblaðinu.
- Læknir stofnar jafnframt göngudeildarskrá í Sögu undir COVID19 lotu og vísar í skráningarform í Heilsugátt
- Setur réttta ICD10 greiningu á göngudeildarskrána.
- Staðfestir eyðublaðið þegar sjúklingur yfirgefur göngudeildina.

## Útskrift heim:

- Að lokinni útskrift skal meta hvort fylgja þurfi eftir skoðun með símtali við aðstandendur eða sjúkling þar sem farið er yfir þá skoðun sem átti sér stað, útkomu hennar, ráðleggingar og meðferð.
- Sé sjúklingur útskrifaður heim með súrefnismettunarmæli er lsh númer metunarmælisins skráð í skráningarformið í Heilsugátt

## Bráð veikindi

- Sé sjúklingur bráðveikur og óstabilur við komu í Birkiborg eða verður það eftir að þangað er komið er sjúklingur fluttur á bráðamóttöku.
- Hringt er á 112 eða kallað eftir sjúkraflutningi í gegnum talstöð, tilkynnt um ástand sjúklings og að um F1 flutning sé að ræða
- COVID lækni í Birkiborg meldar sjúkling við vaktstjóra bráðamóttöku í síma 2019 (mikilvægt svo vaktstjóri hafi svigrúm til að ákveða hvaða stofu veður tekið á móti sjúklingi).
- COVID lækni gefur stjórnandi lækni á BMT SBAR s: 543-2011.
- Flutningur er undirbúinn, sjúkling þarf að öllum líkindum að flytja í flutningshúddi (sem staðsett er á bráðamóttöku)

## Hjartastopp

- Hringt er á 112 eða kall í talstöð og tilkynnt um hjartastopp í Birkiborg (líkt og um hjartastopp í heimahúsi sé að ræða)
- Endurlífgun er hafin með þeim búnaði sem er til staðar í Birkiborg.
- Sjúklingur er fluttur á bráðamóttöku í flutningshúddi (sem staðsettur er á bráðamóttöku)

## Flutningur

### Flutningur í CT

- Hringt er í CT til að samræma flutning og rannsókn.
- Metið hvort sjúklingur flyst í hlífðarbúnaði eða í flutningshúddi (sjá verklag um undirbúning flutnings-hlífðarbúnaður sjúklings)  
Við flutning í flutningshúddi þarf að hafa samband við húddstarfsmann bráðamóttökunnar í s: **620-1691**
- Kallað á sjúkrabíl í gegnum talstöð (eða hringt í 112) og látið vita um sjúkraflutning og hvort um er að ræða liggjandi eða sitjandi flutning, með eða án súrefnis og hvort þörf er á „hreinum“ eða „óhreinum bíl“. Ef þörf er á flutningshúddi er látið vita og sjúkraflutningur byrjar á því að sækja flutningshúdd á bráðamóttöku.
- Hringt er í öryggisverði s. **543 1860** til að tryggja flutningleið og taka á móti sjúkling (sjúkrabíll flytur sjúklinga að A0 inngangi)
- Starfsmaður frá Birkiborg fer með sjúklingi í CT og bíður með honum þar. Fylgir honum til baka í Birkiborg eða upp á legudeild ef innlögn er ákveðin í kjölfarið. Starfsmaður fer í hreinan hlífðarfatnað rétt fyrir flutning.

### Innlögn

Komi til innlagnar sjúklings á legudeild hringir lækni í ráðgefandi/vakthafandi sérfræðilækni smitsjúkdómalækninga.

### Fyrir flutning þarf að:

- Hringt er í vaktstjóra á viðeigandi deild mt.t. þess að samræma flutning (starfsmaður móttökudeildar sprittar snertifleti á flutningsleið, fylgir eftir sjúkraflutningi með virkonvætta tusku)
- Hringt er í öryggisverði til að undirbúa flutningsleið
- Metið hvort sjúklingur flyst í hlífðarbúnaði eða í flutningshúddi. Við flutning í flutningshúddi þarf að hafa samband við húddstarfsmann bráðamóttökunnar í s: 620-1691
- Kallað á sjúkrabíl í gegnum talstöð (eða hringt í 112) og látið vita um sjúkraflutning og hvort um er að ræða liggjandi eða sitjandi flutning, með eða án súrefnis og hvort þörf er á „hreinum“ eða „óhreinum bíl“. Ef þörf er á flutningshúddi er látið vita og sjúkraflutningur byrjar á því að sækja flutningshúdd á bráðamóttöku.

### Undirbúningur flutnings-hlífðarbúnaður sjúklings

- Sjúklingur á að vera með fínagnagrímu án ventsils í hlífðarslopp, með hanska, húfu og hlífðargleraugu.
- Ef sjúklingur þolir að vera með fínagnagrímu þarf að móta hana þannig að hún hylji vitin eins vel og hægt er þrátt fyrir að hann sé með súrefnislönguna í nös.

- Ef sjúklingur er með mikinn hósta og fyrirséð að fínagnagríman muni ekki sitja vel þarf að nota húddið í flutningum.
- Ef sjúklingur er vægt hypoxískur kæmi til greina að sleppa súrefni á meðan flutningi stendur ef við preoxygenerum hann vel í Birkiborg. Gætum þá flutt hann með fínagnagrímu sem situr þétt. Þurfum þó að velja þessa sjúklingana vel og flutningur má ekki tefjast. (Ef sjúklingur kemur labbandi inn á göngudeildina 85% í metnun þá ætti hann að þola 5 mínútna flutning án súrefnis.)
- Ef sjúklingur væri með súrefni í sarpmaska ætti hann að vera í húddi, gríma verður aldrei þétt á sjúklingnum.
- Í flutningshúddi (ef hann getur ekki haft fínagnagrímu v/ andþyngsla, þörf á viðbótarsúrefni)
- Ef sjúklingur er intuberaður þarf að vera veiruheldur filter á túpunni.
- Ef sjúklingur er ekki intuberaður og getur ekki verið með fínagnagrímu á að flytja hann í húddi sem staðsett á bráðamóttöku.

### Flutningshúdd

- Ef þarf að flytja sjúklinga í húddi er hringt í s. 620-1691 og er þá alltaf einhver aðstoðarmaður á BMT sem svarar.
- Aðstoðarmaður BMT kemur með húdd og aðstoðar við að setja sjúkling í húdd.
- Aðstoðarmaður hefur umsjón með húddi í flutningi og aðstoðar við að taka sjúkling úr húddi.
- Sprittar húdd að utan og tekur húdd tilbaka og þrífur skv. reglum.
- Athugið að aðstoðarmenn BMT flytja aldrei sjúklinga í húddum einir, alltaf skulu starfsmenn viðkomandi deilda fylgja með.

### Flutningsleið

- Flutningsleið á A7 eða aðra legudeildir í A álmu. Sjúklingur er fluttur með sjúkrabíl að norðurinnangi A-álm.
- Ef sjúklingur sem flyst frá Birkiborg í CT, getur verið með grímu og er rólfær á að fara um E- stigagang (vantar tengil í flutningsleið - er ekki búið að gefa út skjalið).

## Frágangur stofu á milli sjúklinga

Á milli COVID jákvæðra sjúklinga á göngudeild undirbýr starfsfólk stofu fyrir þrif á snertiflötum:

- Einnota hlutum er fargað sem sóttmenguðum úrgangi þegar þeir eru fjarlægðir úr stofunni
- Glærum ruslapoka í stofu er lokað og hann settur í svartan ruslapoka í fordyri
- Ef lín hefur verið notað skal ganga frá því í vatnsuppleysanlega poka
- Margnota hlutir, áhöld og snertifletir eru sótthreinsaðir með sótthreinsklút á milli sjúklinga

## Frágangur og lokaþrif á stofu í lok dags

Í lok dags á að lokaþrifa þær skoðunarstofur sem voru notaðar yfir daginn

### Undirbúningur fyrir lokaþrif (starfsmaður COVID göngudeildar):

- Einnota hlutum er fargað sem sóttmenguðum úrgangi þegar þeir eru fjarlægðir úr stofunni
- Glærum ruslapoka í stofu er lokað og hann settur í svartan ruslapoka í fordyri
- Gengið er frá líni í vatnsuppleysanlega poka

### Framkvæmd þrifa:

- Farið er í viðeigandi hlífðarbúnað
- Herbergi (allt sem þar er inni, t.d. Lífsmarkamælar, dropateljarar og hjálpartæki sjúklings) og gólf, er þvegið með sótthreinsiefni (VirKon®). Blettaþrif eru framkvæmd á veggjum og lofti.
- Að lokinni sótthreinsun herbergis eru taumar eftir sótthreinsiefni (Virkon) fjarlægðir með hreinum rökum klút. Verk framkvæmt í sömu röð og ræstingin.

### Frágangur eftir lokaþrif:

- Moppur og klútar eru settir í glæra plastpoka og þeim komið á öruggan hátt í ræstimiðstöð (þvegið við 90°C).
- Moppuskaftr er þrifið með Virkon sótthreinsilausn.



- Farið er úr hönskum og hendur sprittaðar.
- Farið er úr hlífðarfatnaði í fordyri.
- Vatnsuppleysanlegir pokar eru settir í hvítan línþoka í fordyri eða framan við herbergi. Rusl er sett í gulan poka, merktan sóttmengað sorp, í fordyri eða framan við herbergi og lokað með hvítu fyrirbandi. Varast er að menga vinnufatnað.
- Hendur eru sprittaðar.
- Afgangi af virkonblöndu er hellt í starfsmanna salerni, fata sóttþreinsuð með virkon bleyttum klút ásamt niðursturtara og klósettsetu.
- Snertifletir á ræstingavagni eru sprittaðir.
- Hendur eru sprittaðar.

Sjá nánar [kennslumyndband um lokaþrif](#)

## Ferli aðfanga, líns og sorps við Birkiborg

### Aðföng koma INN í Birkiborg

Aðföng eru lín, fatnaður fyrir sjúklinga, starfsmannafatnaður, hjúkrunarlagar, lyf, matur, rekstrarvörur.

Mikilvægt er að starfsmenn framkvæmi alltaf handhreinsun áður en komið er við hreinan lager.

Komið er með aðföng inn um inngang á vesturhlið Birkiborgar, flokkast það sem hreinn inngangur.

Lín og starfsmannafatnaður er skilið eftir í vagni í anddyri. Anddyrið er stúkað af til að draga úr mengun útgangi/hurð.

Annar lager fer í Kanban-skápa á hreina svæðinu.

Aðföng sem þurfa að vera inni á skoðunarherbergjum eru höfð í lágmarki, miðað er við tvennt af öllu, t.d. vökvapokar, lín o.p.h.

Lyf, sem þarf að læsa inni, eru sett í læstan lyfjaskáp eða vagn á hreina svæðinu.

### Ferli líns ÚT úr Birkiborg

Óhreint lín fara út um dyr á suðurhlið Birkiborgar, sem skilgreind er sem óhreinn útgangur/inngangur. Óhreint lín er sótt af flutningsmönnum/öryggisvörðum og þeir eiga að vera með hanska við þessa meðhöndlun og framkvæma handhreinsun að loknu verki.

Óhreint lín af skoðunarstofum er meðhöndlað með þessum hætti:

Inni í skoðunarstofu/forðyri

- Lín frá sjúklingum sem eru í einangrun vegna sýkinga á að láta í sérstaka vatnsuppleysanlega poka
- Í fordyri er pokanum lokað vandlega með bandinu sem hangir við hann. Starfsmaður sem er að koma frá stofu sjúklings stendur í fordyri (enn í hlífðarfatnaði) með lokaða hurð inn í skoðunarstofu og opna fram á gang. Þar stendur starfsmaður með hanska, plastsvuntu, skurðstofugrímu og heldur á opnum hvítum lín poka. Starfsmaður í fordyri setur vatnsuppleysanlega pokan ofan í hvíta lín pokann. Starfsmaður á gangi lokar línpokanum, fjarlægir plastsvuntu, hanska, sprittar hendur, fjarlægir skurðstofugrímu og sprittar aftur hendur. Fer með hvíta lín poka í grind fyrir lín. Eftir það sprittar starfsmaður aftur hendur.
- Ef línið er blautt á að láta vatnsuppleysanlega pokann í glæran plastpoka áður en hann er settur í venjulegan línþoka
- Ekki má setja neitt í pokana sem ekki má fara í þvottavél
- Ekki má yfirfylla línþokana

### Ferli sorps ÚT úr Birkiborg

Sorp fer út um dyr á suðurhlið Birkiborgar, sem skilgreind er sem óhreinn útgangur/inngangur. Sorp er sótt af flutningsmönnum/öryggisvörðum og þeir eiga að vera með hanska við þessa meðhöndlun og framkvæma handhreinsun að loknu verki.

Sorp af skoðunarstofum er meðhöndlað með þessum hætti:

#### Inni í skoðunarstofu/fordyri

- Allt sorp fer í glæra ruslapoka í stofu og í svarta ruslapoka í fordyri. Gulur poki „Sóttmengað brennist“ má ekki vera inni á herbergi.
- Í fordyri er svarta ruslapokanum lokað vandlega með fyrirbandi. Starfsmaður sem er að koma frá stofu sjúklings stendur í fordyri (enn í hlífðarbúnaði) með lokaða hurð inn í skoðunarstofu og opna fram á gang. Þar stendur starfsmaður með hanska, skurðstofugrímu og plastsvuntu og heldur á opnum gulum “sóttmengað brennist” poka. Starfsmaður í fordyri setur svartan ruslapoka ofan í gula pokann. Starfsmaður á gangi lokar gulapokanum með fyrirbandi, fjarlægir plastsvuntu, hanska, sprittar hendur, fjarlægir skurðstofugrímu og sprittar aftur hendur. Fer með gula sorp pokann í grind fyrir sorp. Eftir það sprittar starfsmaður aftur hendur.
- Forðast ber að offylla ílát og poka.

#### Sorpflokkun er eftirfarandi:

- Svartir ruslapokar: Allt almennt sorp.
- Gulir pokar merktir : Allt blóð- og líkamsveggamengað sorp. Annað sóttmengað sorp. Athugið að oddhvassa hluti má aldrei setja óvarða í gula poka
- Gult plastílát: Nálar og oddhvassir hlutir.
- Hvítt plastílát: Lyfjaafgangar.
- Fljótandi efni er sett í vökvaheldar umbúðir (t.d. hvítar fötur) áður en sett er í poka.

## Frángangur í lok vaktar

- Frángangur á skoðunarstofum
- Frángangur sorps og líns
- Útidyrhurðum er læst innan frá e. Kvöldvakt
- Hjólastóll er tekin inn í millirými
- Virkonmottum er hent eftir að allir hafa yfirgefið stofuna.
- Frángangur í alrými og kaffistofu (passa að sé hreint og snyrtilegt fyrir næstu vakt)
- 

## Sjúklingasalerni

- Er ávallt haft læst
- Lykill er geymdur í starfsmannaskáp númer 1.
- Hjúkrunarfræðingar á stofu óskar eftir salernislykli, fylgir sjúklinga á salerni og læsir salerni eftir notkun.
- Lykill er bleytur með virkoni.



## Ferli blóðsýna á göngudeild COVID

- Þegar hjúkrunarfræðingur/læknir hefur lokið við sýnatöku fer hann í með sýnaglös fram í fordyri og lokar hurð inn á stofu og bankar á hurð og tilkynnir um sýni.
- Starfsmaður í alrými klæðist plastsvuntu, skurðstofugrímu, gleraugu og stuttum hönskum þegar tekið er við sýnaglös.
- Starfsmaður sem tekur við sýnaglös opnar hurð inn í millirými þegar hann er tilbúin að taka við sýnum, kemur með sýnaplastpoka og heldur honum opnum.
- Hjúkrunarfræðingur/læknir lætur sýnaglös falla ofan í sýnaplastpoka, starfsmaður á gangi lokar pokanum og setur hann ofan í flutningsbox fyrir sýni.
- Athugað er að mikilvægt að vera búin að opna flutningsboxið áður en tekið er á móti blóðsýninu þannig hægt sé að setja sýnaplastpokann beint í boxið án þess að snerta neitt boxið. Flutningsbox má ekki liggja á gólfi.
- Að því loknu er plastsvunta fjarlægð, hanska fjarlægðir, hendur sprittaðar, skurðstofugríma fjarlægð og hendur sprittar aftur. Eftir það er hægt að loka flutningsboxinu.
- Athuga sótthreinsa þarf flutningsbox með sótthreinsklút eftir hverja ferð.
- Flutningsbox er sótt inn í miðrymi í Birkiborg (mega ekki fara fram á gang v/ óheppilegs hitastigs fyrir sýnageymslu þar)
- Starfsmaður sem tekur á móti sýnaglös um ber ábyrgð á að panta sýnaflutning (gert með beiðni í tölvu fyrir kl.18:00, hringt eftir kl.18:00)

## Þrif og frágangur í alrými-hlutverk sjúkraliða/sérhæfð starfsmanns

- Sprittar alrými á klst. fresti.
- Frágangur
- Tekur við rusli úti
- Hafa Sóttmengað brennist - Gula poka tilbúin við móttöku uppá brettann. Loka með fyrirbandi. Setja fram í grindur.
- Lín
- Hafa taupoka tilbúin við móttöku og setja fram í grind.
- Borð snyrtileg
- Ískápur / uppvottavél / kaffivélar / vatnsvél
- Efri hæð / Kaffistofa (e. hádegis- og kvöldmat).
- Rusl e. þörfum
- Baðherbergi - línpokar og handklæði (tæma og fylla á)
- Spritta hreint borð (fyrir hversdagsföt starfsmanna).
- Umsjón með lager
- Fyllir á kanban skápa og borð/hillur fyrir framan stofur
- Panta lín og vörur
- Heldur utan um birgðalista yfir það sem þarf að panta (þar með talið af farsóttarlagar)
- Undirbýr blóðprufusettt fyrir næstu vakt
  - Nýrnabakki, 2 rauð glös, 2 græn glös, 1 fjólublátt, 1 rautt, 1 svart, blóðprufunál, bómull, sprittklútur.

## Lyfjafyrirspurnir, klínískar ráðleggingar og lyfjaupplýingar s. 825-3770

Lyfjafræðingar svara fyrirspurnum frá læknum og hjúkrunarfræðingum kl. 8-23 (á meðan símaver og göngudeildin er opin) og eftir samkomulagi.

Haft verður samband við sjúklinga beint í gegnum síma ef óskað er eftir því.

Heilsugátt: Senda skilaboð í spjallrás til eftirfarandi lyfjafræðinga:

Þórunn K. Guðmundsdóttir	825-3770	thorunnk@landspitali.is
Anna I Gunnarsdóttir	825-3771	annaig@landspitali.is
Elín I Jacobsen (Miðstöð lyfjaupplýsinga)	825-9479	elinjac@landspitali.is
Þórunn Óskarsdóttir (Börn)	620-1422	thorunos@landspitali.is

### Lyfjamál sem má vísa til klínískra lyfjafræðinga (ekki tæmandi listi)

- Stuðningur við val lyfja og skammta í einkenameðferð t.d. verkir, ógleði, hægðatregða, niðurgangur, svefnleysi, kvíði, depurð ofl.
- Lyfjayfirferð og ráðleggingar hjá sjúklingum í áhættuhóp t.d. QTc > 500msec
- Frábendingar, aukaverkanir, milliverkanir COVID meðferða og fastra lyfjameðferðar sjúklings.
- Samræming lyfja við innlögn, lyf við komu, einkenameðferð í legu, lyfjamál við útskrift.

### Lyfjaupplýsingar fyrir símaver sem má miðla áfram til sjúklinga

- Notkun á parasetamóli og bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID) eins og t.d. íbúprófen við verkjum tengdum COVID-19 (útg. 25.3.2020)

## Verklag ef framlínustarfsmaður á COVID göngudeild fá væg öndunarfæraeinkenni

Það er skýrt að ef að lykilstarfsmenn í okkar hópi frá væg öndunarfæraeinkenni og geta því ekki komið til vinnu þrátt fyrir að einkennin séu væg, þá gerum við próf (PCR) til að útloka sýkingu af völdum SARS-CoV-2.

Nefkoks- og hálsstrok verðum við að taka hér á spítalanum. Fólk bíður svo heima eftir niðurstöðu.

## Spurt og svarað um hlífðarfatnað

**Er þörf á að starfsfólk Birkiborgar sem sinnir einnig sjúklingum í Fossvogi noti skóhlífar í Birkiborg**

**Svar frá sýkingarvörnum:** *Við lítum ekki á gólf sem virka smitleið. Hvað COVID-19 varðar, þá er smitleiðin með snerti- og dropasmiti, þannig að við þurfum að fá dropa í vitin eða augu til að smitast eða bera smitefni með höndum í í vit eða augu til að smitast. Þið þurfið ekki að nota plasthlífar yfir skóna ykkar. Notað hlífðarbúnað skv. veggspjöldunum og hreinsa/sótthreinsa móbílinn á milli sjúklinga.*

**Eru húfur sem notaðar eru sem hlífðarbúnaður veiruheldar?**

**Svar frá sýkingarvörnum:** *Nei það eru ekki til veiruheldar húfur og ekki þörf á þeim. Tilgangurinn með húfunum er eingöngu sá að minnka líkur á því að teygjan á grímunni flækist í hárinu, þannig er auðveldara að fjarlægja grímuna á öruggan hátt.*

*Athugið, skjalið getur tekið breytingum*

*Mikilvægt er að uppfæra dagsetningu við breytingar.*